

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622, 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felldri gjaldskrá sama efnis nr. 547 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F.h.r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 793.

24. nóvember 1981.

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Siglufjarðar.

#### I. RAFORKA.

##### 1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar ..... kr. 1,62 á kwst.

##### 2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana ..... kr. 0,85 á kwst.

##### 3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar ..... kr. 1,62 á kwst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafflsmælingu, lágmark 20 kw ..... kr. 0,31 á kwst.  
Aflgjald með lýsingu ..... kr. 1 293,00 kw/á ári.

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.-mæli þannig:  
Fyrir fyrstu 20 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 1,05 hverja kwst.  
Fyrir næstu 80 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 0,67 hverja kwst.  
Fyrir umfr. 100 000 kwst. ársnotkun ..... kr. 0,61 hverja kwst.

##### 4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 0,28 á kwst.

4.2 Orka til hitunar í iðnaði, roftími  $2 \times 1,5$  klst. á dag ..... kr. 0,40 á kwst.

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:*

- Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafv.stjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitun sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitunina, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.

**II. HEIMTAUGAGJÖLD.**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við veituna, skal greiða heimtaugargjald sem miðast við flutningsgetu raftaugar þeirrar sem að húsinu liggur, svo sem hér segir:

Heimtaugagjöld	Heimtaugagj.	Yfirl.gj. kr/m
63 A 1-fasa .....	kr. 3 634,00	208,00
63 A 3-fasa .....	kr. 3 634,00	208,00
100 A 3-fasa .....	kr. 4 900,00	235,00
125 A 3-fasa .....	kr. 6 030,00	267,00
200 A 3-fasa .....	kr. 7 946,00	360,00
300 A 3-fasa .....	kr. 13 770,00	425,00

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld, greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loftlínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

**III. OPNUNARGJALD.**

Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 35,00. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 35,00 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

**IV. SÖLUSKATTUR.**

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 42,5% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla og gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 541 frá 21. ágúst 1981.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

24. nóvember 1981.

Nr. 794.

## GJALDSKRÁ

### Rafveitu Akureyrar.

**I. RAFORKA.**

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Lýsing.**

A—1 Kr. 1,59 hver kWst. til lýsingar.